

Ungir myndlistarmenn

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Vissulega er það mikil sýning, sem nú fyllir alla Kjarvalsstaði og er helguð ungum myndlistarmönnum þrjátíu ára og yngri. Framtíð hefur vakið drjúga athygli, því að sýningin er ekki einasta mikil um sig, heldur markar hún tímamót í íslenskrum myndlistarsögu og er eitt merkasta framlag til sýningarhalds hér í borg um árabíl.

Það er auðsæð, að það eru myndlistarmenn, er nú sitja í stjórn Kjarvalsstaða og ráða ferðinni og megi svo ávallt verða.

Í mörg ár hefur það verið höfuðverkur þeirra, er vilja vera með á nótum um þróun nýrri viðhorfa í íslenskrum myndlist, að yfirleitt er boðið upp á rýrar og fátæklega upp settar sýningar hinna yngri, ótal slíkar en enga heildarúttekt. Á þetta hef ég margoft bent í skrifum mínum, enda var mér ljóst, að margar þessar sýningar voru ekki marktækar um getu viðkomandi listamanna vegna furðulegs kæruleysis um ytri búnað. Gott dæmi um þetta voru sýningararnar á Suðurgötu 7, svo og langflestar þær sýningar, er settar eru upp í húsakynnum Nýlistasafnsins. Þessar sýningar hafa fælt frá sér gesti í slíkum mæli, að þangað koma nær einungis nánir ættingjar og vildarvinir. Stundum hafa sýningar verið þess eðlis, að áhöld voru á því, hvort umfjöllun væri réttlætun nema í sérstökum dálkum fagrita, sem engir lesa nema forstokkadír sérvitringar. Af ofanskráðu má ráða hve sýningin á Kjarvalsstöðum er mikilsvert framtak, og ef eitthvað vantar á þessa sýningu, þá mátti sjá eitthvað af því á sýningunni við Selsvör, „Gullströndin andar“.

Hafi það ekki allskostar gefið rétta mynd, skrifast það á reikning viðkomandi.

Gerð var svipuð úttekt á list ungs fólks árið 1967, annað framtak en af öðrum toga var pop-sýningin á Listasafni Íslands um miðjan síðasta áratug, en þá var verið að gera úttekt á fortíðinni. Á sama hátt er t.d. raunhæft nú þegar að gera svipaða úttekt á konsept-árunum hérlandis, sem nú teljast víst heyrta fortíðinni til.

En hvað er eiginlega list ungs fólks og hvernig skilgreinist hugtakið? Til að forða misskilningi er rétt, að það komi fram strax í upphafi, að ungir myndlistarmenn og ung list er alls ekki það sama. Haldi það einhver, er kominn fram varhugaverður hugtakaruglingur, því að listamenn fara sjaldan að gera mjög persónulega list fyrr en eftir þritugt. Öll list, sem telst skapandi, er ung og fersk, eftir að hún er gerð, og skiptir ekki máli aldur gerandans. Ungir geta einnig verið ihalssamir og akademískir ekki síður en hinir eldri, og list hinna eldri getur verið í hæsta máta frumleg og þróttmikil nýsköpun. Myndir Frakkans Jean Dubuffet, sem er kominn á níræðisaldur, myndu t.d. falla inn í sýningar á verkum nýbylgjumálaranna í Evrópu — um leið og þær bæru líkast til af fyrir ferskleika. Sá telst höfundur listastílsins art-brut.

Það er vænlegast að taka fyrir það strax, að einhverjir kallar úti í heimi fari að flokka listamenn eftir aldri og búa til kynslóðabil, — hugtak, sem er tilbúningur og hefur valdið ómældum skaða í mannlegum samskiptum.

Aldurstakmarkið 30 ár er nokkuð vafasamt, þar sem það veldur ruglingi, því að á alþjóðlegum sýningum, svo sem Parisarbiennalínum er það 35 ár, og sýnendur mega verða 36 ára árið sem þeir sýna. Slíkar sýningar eru fyrst og fremst til þess settar upp að gefa ungu fólki tækifæri til þess að kynnast hvers annars vinnubrögðum í ólíkum löndum. Því miður

hefur hér orðið öfug þróun, þannig að sýningarsalir stórborganna vilja helst sjá á þessum sýningum staðfestingu á því, sem þeim er þóknlegt og hefur markaðsgildi. Ótrúlegur fjöldi myndlistarmanna fellur hér í gildru, enda eru ósjálfstæðir listsagnfræðingar yfirleitt iðnir við að hamast í sjálfboðaliðsvinnu fyrir vellauðuga listaverkakaupmenn, — auk þeirra er þiggja harðan gjaldmiðil fyrir skoðanir sínar. Þannig hafa þessar sýningar orðið eins konar stefnuýfirlýsing eða „manifest“ listaverkaspekúlanta.

Upp kemur enn eitt vandamál, er í raun sprengir grundvöll þess, að réttlætunlegt sé að halda slíkar sýningar. Á ég hér við það fólk, er hefur nám í listaskólum á milli þritugs og fertugs, og um það eru til ótal dæmi og fjölgar stöðugt. Um fertugt skulum við segja er þetta fólk máski farið að skapa sjálfstæð verk og er þá í hópi ungra listamanna, hvað sem aldrinum liður. Þessu getur væntanlega enginn neitað, nema með úrúrnúningum því að þetta er sjálfgefið. Að sjálfsgöðu á þetta einnig við um fólk er byrjar seint að mála en velur leiðir utan skóla.

Ofanskráð ætti að koma fólk í skilning um það, að hér er eingöngu verið að kynna list ákvedins aldursflokks og að gera úttekt á því sem ungir að árum eru að gera í myndlist.

— ○ —

Og hvað er svo hin svonefnda nýbylgja í málverki og hvernig er hún til komin? Því væri án vafa auðveldast að svara með því, að eftir að hugmyndafræðileg list hafði verið ríkjandi sem nýlist í áratug ásamt ýmsum öðrum tilteknum, var listheimurinn búinn að fá nóg. Fólk var hætt að koma í sýningarsalina til þess að sjá sömu sýninguna í hundruðustu útgáfunni — sýningarsalirnir voru að fara á kúpuna austan hafs og vestan. Þörfun fyrir nýtt eldsneyti



Tumi Magnússon: „Nafnlaust verk“ 1982.

í vél listaverkamarkaðsins var þannig mjög brýn. Listaverkakaupmenn og listfræðingar þeirra höfðu upp til hópa snúið baki við sigildum aðferðum í gerð myndverka um langt skeið. Hugtök höfðu verið teygð og sveigð í allar áttir og menn voru komnir á leiðarenda — gjaldþrot þessara viðhorfa blasti við. Þetta er ein skýring og í fullu gildi, en samt alls ekki tæmandi. Þrátt fyrir allt og jafnvel fyrir óórðstimpil, sem fylgdi því að mála og vinna í hefðbundnum miðli, voru þeir margir, er létu sér fátt um finnst og unnu sallarólegir að list sinni í hreinu málverki og skúlptúr. Könnuðu jafnframt nýjar leiðir innan þeirra marka.

Greinarhöfundur fylgdist mjög vel með því, hvernig málverkið kom aftur. Umbyltingin varð á árinu 1981. Það var þó ekki með glöðu geði, sem listaverkakaupmenn og listfræðingar urðu nú að éta ofan í sig fyrri fullyrðingar um málverkið. Þeir urðu þó að finna leið út úr andlegri og efna-

hagslegri kreppu, er hótaði að sópa þeim öllum út úr sviðsljósinu. Endurnýjunar var vissulega þörf: Menn hugsi sér einungis eitthvað jafn óraunhæft og málverk á hinum stóru alþjóðlegu listsýningum fyrir aðeins fimm árum!

Eftirsókn eftir sífelldum hræringum og umbyltingum setur svip sinn á list samtímans og ósjaldan spyr maður sjálfan sig, hvort menn séu virkilega búnir að glata hæfileikanum til lifandi endurnýjunar sýnilegra fyrirbæra — þurfi stöðugt að nærast á einhverju nýju — jafnvel ímynduðu og fjarstýrðu. Geti einungis notið sömu sýnar einu sinni og svo sé hún úrelt og gömul, í stað þess að sjá eitthvað nýtt og óvænt í hvert skipti, sem sami hluturinn er skoðaður. Líkt og menn upplifa ljóð á nýjan hátt, í hvert sinn sem það er lesið, í stað þess að læra það utan að, án þess að upplifa það né skilja.

Skyndilega fundu menn eitthvað nýtt í málverkum nokkurra

PNEUMANT



VÖRUBÍLAHJÓLBARÐAR

þýsk gæðavara

Stærðir 1100x20/

gróft og fínt mynstur

Heildsölubirgðir fyrirleggjandi.

Einkaumbod á Íslandi

TRITON

Kirkjutorgi 4, Reykjavík.
S. 27244.

Sölustjóri: Guðmundur Jóhannesson Innri-Njarðvík, s. 92-6032.

SÖMU GÆÐI — BETRA VERÐ



Clara — Clarens

Höfum fengið hinar frábæru **Clarens** snyrtivörur

Clarens fyrirtækið hefur sérhæft sig í framleiðslu olía og krema til styrkingar á húðinni, ásamt sérstökum brjóstannuddtækjum.

Þessar vörur eru nú til sölu hjá okkur og gefum við sérstakan kynningarafslátt út þennan mánuð.

Komið og kynnið því bezta á þessu sviði.

Clara

Bankastræti 8.